

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Reykjavík, 31. mars 2021
UST202102-001/G.A.Ó.
06.04.04

Efni: Eftirlit með leiksvæðum - samræmd framkvæmd um allt land

Í samræmi við 52. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, kannaði Umhverfisstofnun, í janúar 2021, tíðni aðalskoðunar á leiksvæðum eftir starfssvæðum heilbrigðiseftirlita. Um innra eftirlit, þmt. aðalskoðun er fjallað í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Könnunin leiddi í ljós að á sumum heilbrigðissvæðum var aðalskoðun á leiksvæðum framkvæmd árlega, hjá nokkrum leið lengri tími á milli en hjá sumum hafði slík skoðun ekki farið fram undanfarin ár.

Í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, segir að rekstraraðili beri ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Skal í starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd, gerð krafa um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum í samræmi við 12. gr. reglugerðarinnar, en þar segir að innra eftirlit feli í sér reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Hvað aðalskoðun varðar skal hún fara fram með að hámarki 12 mánaða millibili og framkvæmd af faggiltum aðilum. Skv. 3. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar skulu heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að slík skoðun fari fram. Einnig segir í 4. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar að heilbrigðisfulltrúi skuli hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er varðar eftirlitið. Því sé það eitt af hlutverkum heilbrigðisnefndar að kanna hvort skýrslur um t.d. aðalskoðun sé til staðar, enda er það hluti af þeim þáttum sem ber að athuga við reglubundið eftirlit.

Í fyrirnefndri reglugerð er skýrt kveðið á um að rekstraraðili er ábyrgur fyrir innra eftirliti. Yfir hverjum eftirlitssþætti í innra eftirliti skal vera sérstakur ábyrðaraðili og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka leikvallatæki úr notkun. Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176. Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III. Aðalskoðun skal framkvæmd af aðila sem hafa faggildingu til þess, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að eftirlit með leikssvæðum sé framkvæmt með sama hætti um allt land. Umhverfisstofnun bendir á ábyrgð hvernar heilbrigðisnefndar að framfylgja lögum og reglugerðum varðandi eftirlit, m.a. eftirlit með leiksvæðum og leikvöllum, þmt innra eftirlit og aðalskoðun á leiksvæðum. Með þessu bréfi vill Umhverfisstofnun brýna fyrir heilbrigðisnefndum að fylgja því eftir við rekstaraðila að uppfylla kröfur sem eru settar fyrir starfsemi þeirra. Ef í ljós kemur að misbrestur sé á því að rekstaraðilar uppfylli þær kröfur sem til rekstur þeirra eru gerðar, þá sé mikilvægt að grípa til viðeigandi aðgerða innan þeirra valdheimilda sem heilbrigðisnefnd hefur til að fylgja því eftir að rekstraraðili uppfylli þær kröfur til hans eru gerðar.

Virðingarfyllt

Elva Rakel Jónsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur